



E 23/2017

**Fyrirspyrjandi** Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin  
**Til** Ríkisstjórna Norðurlanda

Til ríkisstjórna Norðurlanda

**Skrifleg fyrirspurn um lagalegar hindranir af hálfu ESB vegna aðildar að eða breytinga á samningum um norrænan vinnumarkað**

Árið 1954 gerðu ríkisstjórnir Norðurlanda samning um sameiginlegan norrænan vinnumarkað. Sá samningur var síðan endurskoðaður og nýi samningurinn frá 1982 tók gildi 1983.

Ríkisstjórnir Svíþjóðar, Danmerkur, Finnlands, Íslands og Noregs, sem álíta það vera grundvallarréttindi borgara ríkjanna að geta óhindrað starfað og sest að í öðru norrænu ríki, vilja í samningnum frá 1982 bæði örva og takmarka frjálsa för. Samningurinn á að styðja við aðgerðir sérhvers landanna til þess að tryggja samfellda atvinnuþróun, en flutningur milli landanna á ekki að valda misvægi á vinnumarkaði. Í heild sinni á samningurinn að vera efnahagslegri og félagslegri þróun í löndunum til framdráttar.

Í bókun við samninginn kemur þó skýrt fram að atvinnurekendur, sem hyggjast leita eftir vinnuafli frá öðru norrænu ríki ættu að gera það fyrir milligöngu opinberrar vinnumiðlunar. Tilgangurinn er að koma í veg fyrir að atvinnurekendur standi að ráðningu vinnuafis á eigin vegum í öðru norrænu ríki. Í dag er þetta verulega hamlandi þar sem ráðningar fara í auknum mæli fram eftir öðrum leiðum og miðlum.

Samningurinn um sameiginlegan norrænan vinnumarkað er á margan hátt ekki í samræmi við aðstæður í dag á vinnumarkaði og núverandi norrænt samstarf. Dæmið um vinnumiðlunina sýnir á skýran hátt að bæði samningurinn og bókunin krefjast skjótrar endurskoðunar.



Norðurlandaráði hafa þó borist ábendingar um að norræna samninga sé ekki hægt að endurskoða né gera nýja ef þeir um leið ná ekki líka til borgara ESB/EES-ríkja utan Norðurlandanna, þar sem það stríðir gegn núverandi löggjöf ESB að mismuna á beinan eða óbeinan hátt borgurum annarra ESB/EES-ríkja. Um leið hefur Norðurlandaráði skilist að stundum séu menn hikandi við að opna ákveðnar reglur og réttindi fyrir stóran hóp borgara í öllu Evrópusambandinu, ekki síst vegna kostnaðar.

Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin fer þess því á leit við norrænu atvinnumálaráðherrana að þeir láti í ljós skoðun sína á möguleikum á, og hugsanlegum réttarfarslegum ákvörðunum ESB eða pólitískum/efnahagslegum takmörkunum gegn, endurskoðun eða gerð samninga um norrænan vinnumarkað.

Kaupmannahöfn, 5. desember 2017

Pyry Niemi  
Formaður Norrænu hagvaxtar- og þróunarnefndarinnar